

Fimmtudaginn 17. desember 1998.

Nr. 466/1998.

**Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir**

**Erla Agnarsdóttir og**

**Karl Agnarsson**

(Guðmundur Benediktsson hrl.)

gegn

**Loga Guðbrandssyni,**

**dómstjóra á Austurlandi**

(enginn)

Kærumál. Dánarbú. Skipti. Umboð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. nóvember 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að dánarbú Karls J. Svendsen yrði tekið til opinberra skipta. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að krafa þeirra um opinber skipti verði tekin til greina.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

### I.

Samkvæmt gögnum málsins lést Karl J. Svendsen, sem var síðast til heimilis að Mýrargötu 20 í Neskaupstað, 13. júní 1978. Af gögnum úr dánarskrá sýslumannsins í Neskaupstað verður ráðið, að erfingjum var veitt leyfi til einkaskipta á dánarbúinu 26. október 1978, en hvorki mun hafa fundist í skjölum sýslumanns umsókn um það leyfi né leyfisbréf. Skiptum var lokið með greiðslu erfðafjárskatts samkvæmt erfðafjárskýrslu 19. desember 1978, sem undirrituð var af Sigurði Georgssyni, þá héraðsdómslögmanni, „f. h. erfingja“. Samkvæmt skýrslunni voru erfingjarnir sóknaraðilar, sem voru sonarborn hins látna.

Í kröfu um opinber skipti greina sóknaraðilar frá því, að faðir þeirra, Agnar Svendsen, hafi afsalað sér erfðarétti eftir Karl J. Svendsen þeim til hagsbóta. Þetta hafi Agnar gert að beiðni Krist-

jáns Friðbergssonar, sem hafi verið fósturfaðir sóknaraðilanna Jóhönnu og Karls. Kristján hafi hlutast til um þetta án vitundar eða óskar sóknaraðila, en á þeim tíma hafi Jóhanna, ein systkinanna, verið orðin lögráða og Kristján ekki farið með forræði sóknaraðilans Erlu. Sóknaraðilar kveða Kristján ekki hafa haft umboð frá sér til að óska eftir einkaskiptum eða taka við fjármunum frá dánarbúinu. Þau telja þannig erfðafjárskýrsluna, sem áður er getið, sér óviðkomandi og að skipti á dánarbúinu hafi ekki farið löglega fram. Er krafa þeirra um opinber skipti reist á þessu.

## II.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki annað séð en skiptaráðandinn í Neskaupstað hafi við skipti á dánarbúi Karls J. Svendsen virt að vettugi fortakslaus ákvæði a-liðar 1. mgr. 5. gr. þágildandi laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl., þar sem mælt var fyrir um, að dánarbú skyldi tekið til opinberra skipta, hvort sem erfingjar óskuðu þess eða ekki, ef einhver þeirra væri ekki kominn til lögdaldurs. Þá bera gögn málsins ekki annað með sér en skiptaráðandi hafi látið viðgangast, að lögmaður undirritaði erfðafjárskýrslu í nafni erfingja, án þess að fyrir lægi skriflegt umboð handa honum til þeirrar ráðstöfunar, en heimild til hennar án slíks umboðs var hvorki unnt að styðja við ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur né almennar reglur samningaréttar.

Peir annmarkar, sem virðast samkvæmt framansögðu hafa verið á framkvæmd skipta á dánarbúi Karls J. Svendsen, fá því hins vegar ekki breytt, að skiptunum var í reynd lokið með því, að skiptaráðandi tók við greiðslu erfðafjárskatts samkvæmt fyrrnefndri erfðafjárskýrslu frá 19. desember 1978. Þótt þann, sem kom fram af hálfu erfingja við skiptin, kunni að hafa skort umboð til þess eða arfur kunni að hafa verið greiddur öðrum en sóknaraðilum, svo sem þau halda fram, nægir það ekki til, að skipti verði tekin upp að nýju samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991, sem á hér við, sbr. 3. mgr. 144. gr. sömu laga, enda njóta sóknaraðilar annarra úrræða að lögum til að leitast við að fá hlut sinn réttan. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. nóvember 1998.**

28. september 1998 barst dóminum krafa Jóhönnu Guðrúnar Agnarsdóttur, kt. 040157-3879, til heimilis að Unufelli 33, Reykjavík, sem hún gerði fyrir sína hönd og systkina sinna, Erlu L. Agnarsdóttur, kt. 290759-4719, og Karls Ó. Agnarssonar, kt. 081262-5439, að dánarbú Karls J. Svendsen, sem fæddur var 26. maí 1892 og dáinn 13. júní 1978 og síðast bjó að Egilsbraut 9 A, Neskaupstað, yrði tekið til opinberra skipta.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Austurlands 20. október sl., og mætti þá af hálfu skiptabeidda Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir og ítrekaði kröfu sína, en engin mótmæli komu þá fram gegn kröfu hennar.

Var málið tekið til úrskurðar í sama þinghaldi.

Málavextir eru þeir, að Karl J. Svendsen, sem var afi skiptabeidda, lést 13. júní 1978. Af skiptabeidni má ráða, að eini erfingi Karls heitins hafi verið Agnar Svendsen, sonur hans, en faðir skiptabeidda.

Samkvæmt upplýsingum í skiptabeidni hefur Agnar Svendsen afsalað erfðarétti sínum, eins og það er orðað, „til okkar systkinanna“, en engin skrifleg gögn eru í málinu um arfsafsal þetta. Agnar Svendsen mun hafa látist 30. mars 1996.

Samkvæmt dánarskrá sýslumannsins í Neskaupstað hefur verið gefið út leyfi til einkaskipta á búi Karls Svendsen 26/10 1978. Í reit, þar sem prentað er „Erfðafjárskýrslunúmer og ár“, er handskrifað: „greiddur“.

Skiptabeiddandi hefur lagt fram ljósrit af erfðafjárskýrslu, sem dagsett er 19. desember 1978 og er undirrituð „F. h. erfingja, Sigurður Georgsson hdl.“.

Í erfðafjárskýrslu þessari eru taldar fram eignir, samtals að fjárhæð 2.619.917 kr., en skuldir 50.000 kr., eða hrein eign til skipta 2.569.917 kr.

Í erfðafjárskýrslu þessari eru erfingjar tilgreindir Jóhanna Guðrún Agnarsdóttir, sonardóttir, Erla Agnarsdóttir, sonardóttir, og Karl Óskar Agnarsson, sonarsonur. Er tilgreindur erfðahluti hvers þeirra um sig 856.639 kr. og erfðafjárskattur 43.000 kr. og erfðafjárskattur samtals 129.000 kr.

Erfðafjárskýrslan er ekki árituð af skiptaráðanda eða öðrum, hvorki um samþykki né um greiðslu erfðafjárskatts, eins og fyrir er mælt í 77. gr. skiptalaga nr. 3/1978, sem í gildi voru, þegar skýrslan var dagsett, og nú 3. mgr. 93. og 3. mgr. 94. gr. um skipti á dánarbúum o. fl. nr. 20/1989. Í bréfi sýslumannsins í Neskaupstað, dags. 31. ágúst 1998, er upplýst, að ekkert finnst um skiptin hjá embættinu annað en ofangreind skráning í dánarskrá, en endurritið af erfðafjárskýrslu hafi fengist frá ríkisendurskoðun.

Fram kemur í bréfi, sem skiptabeiðendur hafa ritað Lögmannafélagi Íslands, að erfingjar hafi ekki fengið í hendur nema lítinn hluta þess fjár, sem í þeirra hlut skyldi koma samkvæmt erfðafjárskýrslu.

Í beiðni sinni styðja skiptabeiðendur kröfu sína þeim rökum, að skipti á dánarbúi Karls J. Svendsen hafi ekki farið fram á lögformlegan hátt, enda hafi Sigurður Georgsson lögmaður ekki haft umboð frá þeim til að ganga frá skiptunum.

Á þeim tíma, þegar erfðafjárskýrsla er gerð og greiddur erfðafjárskattur, er ljóst, að umboð Sigurðar Georgssonar hefur ekki verið vefengt, og hafa skiptabeiðendur ekki sýnt fram á, að hann hafi ekki haft slíkt umboð.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, er sannað, að leyfi hefur verið veitt til einkaskipta.

Þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, skráning þess, að leyfi hafi verið veitt til einkaskipta 26/10 1978, ódagsett skráning þess, að erfðafjárskattur hafi verið greiddur og ljósrit erfðafjárskýrslu, sem að vísu er ekki áritað um samþykki skiptaráðanda eða um greiðslu erfðafjárskattsins, verða að teljast sýna, að lögformleg skipti hafi í raun farið fram og þeim lokið.

Krafa um opinber skipti á dánarbúinu er ekki studd þeim rökum af hálfu skiptabeiðenda, að framtal eigna og skulda í erfðafjárskýrslu sé rangt eða að komið hafi fram eignir, sem koma hefðu átt undir skiptin, en ekki hafi gert það 1978.

Skiptabeiðendur hafa þannig ekki sýnt fram á, að skilyrði til að taka dánarbú Karls J. Svendsen til opinberra skipta skv. 1. mgr. 38. gr. eða að skipti verði endurupptekin skv. 2. mgr. 95. gr. laga um skipti á dánarbúum o. fl. nr. 20/1991 komi til greina.

Verður því að hafna kröfu skiptabeiðenda um, að dánarbú Karls J. Svendsen, sem fæddur var 26. maí 1892 og lést 13. júní 1978, verði tekið til opinberra skipta.

Logi Guðbrandsson dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu skiptabeiðenda um, að dánarbú Karls J. Svendsen, sem fæddur var 26. maí 1892 og lést 13. júní 1978, verði tekið til opinberra skipta, er hafnað.

---